



Magnús Jónatansson, þjálfari Breiðabliks:

„Við hefðum ekki kært leikinn“

„Það er svakalegt, að þetta skuli hafa komið fyrir. Þegar Þórður var dæmdur í leikbann, þá las ég þessa fregn eins og reyndar fleiri eflaust í einu dagblaðanna. Þar stóð, að hann hefði bara fengið einn leik. Það þótti okkur hérna hjá Breiðabliki ákaflega kyndugt, þar sem við vissum að þetta var í annað sinn, sem manningur var vikið af leikvelli. Og það kemur mér á óvart, að þeir hjá IBV skyldu ekki bregðast eins við og við gerðum og sjá, að þetta gat ekki staðist.“

Svo mætum við til leiks og Þórður spilar og við gerum engar athugasemdir. Svo gerist það í hálfleik, þegar ég er að ganga niður að leikvellingum, að hann Ingvi, starfsmaður mótanefndar, kemur til mín og segir:

„Þórður er kólólöglegur. Hann fékk þriggja leikja bann“. Þetta gerist í hálfleik. Ég varð felmtri sleginn og spyr hvort þetta geti verið. Þá segir hann eitthvað á þá leið, að hann eigi sæti í aganefnd og hafi sent skeytið sjálfur. Sagðist hann ekki skilja neitt í Eyjamönnunum. Þeir hljóti

að hafa lesið skeytið vitlaust. Ég fór á varamannabekkin til þeirra í hálfleik og spurði hvað þetta ætti að þýða og hvort þeir vissu, að það skipti engu máli hvernig þessi leikur færi. Þeir væru búnir að gjör-tapa honum með ólöglegum manni og allt. Það kom á þá og þeir svöruðu mér engu. Ég gekk á fólk þarna í kring, áhorfendur, og reyndi að fá það uppgæfið, hvort þeir vissu eitthvað um þetta og hvort eitthvað væri verið að fara á bak við fólk, þar sem að blöðin sögðu aðeins frá einum leik, sem Þórður væri í banni.

Aganefndarmaðurinn, Ingvi, átti hann ekki að vara menn við, að Þórður væri ólöglegur?

Hann kemur bara til leiksins, sem venjulegur áhorfandi og tekur ekki eftir að Þórður er með í liðinu fyrir en það er orðið of seint að gera nokkuð í málinu.

Hvernig finnst þér þessi málalok?

Hér er um hrikalegt kæruleysi og handvömm að ræða hjá þeim, sem taka á móti skeytinu, því maður veit það

eftir að hafa verið á þessum stöðum, eins og Ísafirði og Vestmannaeyjum, að það er mikilvægt fyrir þessa staði að vera með lið í fyrstu deild Íslandsmótsins og áhuginn er þar meiri en gengur og gerist annarsstaðar á landinu. Þess vegna er það hrikalegt kjaftshögg, að þessi staða skyldi koma upp.

Það er rétt, að það komi fram, að við hjá Breiðabliki, leikmenn og aðrir, sem þarna vorum staddir, vorum ákveðnir í að kæra ekki þennan leik. En listinn með nöfnum leikmannanna, sem sendur er KSÍ eftir hvern leik, var nóg til að skera úr um málið.

Svona undir lokin vil ég taka það fram, að mér finnst ekki rétt að aganefnd KSÍ takið málið fyrir á meðan IBV er á erlendri grund, bæði leikmenn og stjórn að keppa á vegum KSÍ. Það hefði verið siðferðislegra heiðarlegra að biða uns liðið kæmi heim aftur.

Að lokum óska ég IBV góðs gengis og samhryggist þeim, því það er betra að falla heiðarlegra, heldur en á klaufas- skap.

„Fórst fyrir hjá okkur að hringja í aganefndina“ segir Sigmundur Steinarsson, íþróttafréttaritari DV

Við hringdum í dagblaðið og Vísi, og sjónvarpið, til að reyna að fá ummæli þeirra fréttamanna, sem talað höfðu um þetta afdrifarika eins leiks bann á Þórði. Á sjónvarpinu var hvorugur við, Bjarni eða Ingólfur. Hjá Dagblaðinu og Vísi náðum við í Sigmundur Steinarsson og spurðum hann hvernig þessu bæri við, að þeir birtu frétt, sem væri að öllu leyti röng.

„Við höfum hingað til alltaf hringt eftir fundi aga-

nefndar á þriðjudögum og fengið fregnir af því, hverjir hafi verið dæmdir í leikbann. Svo var þó ekki þennan þriðjudag. Þar vildi svo til, að við vorum á leik Vestmannaeyja og C.Z. Jena og það fórst fyrir að hringja á

aganefndarfundinn. En daginn eftir þá hitti ég mann, sem var kunnur því, sem gerist á aganefndarfundum og spurði hann fréttu. Sagði hann mér, að sex leikmenn hefðu verið dæmdir í leikbann og þar á meðal tveir fyrstu deildarleikmenn. Og í athugunarleysi, þá skrifuðum við eins

leiks bann vegna brottreksturs. En það getur hver einasti maður sagt sér sjálfur, að hafi maður verið rekinn áður af leikvelli, þá þýðir það a.m.k. tveggja leikja bann.

Þegar þið hafði gert svona mistök, hafið þið þá aldrei fengið leiðréttingu frá aganefnd?

Við höfum gert svona mistök einu sinni áður og þá hringdi formaður aganefndar og leiðrétti okkur og við birtum þá leiðréttingu strax daginn eftir. Formaður aganefndar var úti á landi þegar þetta gerðist í seinna skiptið.



Niðurstaða

Fólk í Vestmannaeyjum er felmtri slegið. Það sem virtist vera örugg staða í fyrstu deild að ári, hefur breyst í óvissa spurningu, sem getur leitt okkur alla leið niður í fjórðu deild. Atburðarrásin er óljós og fáir, sem geta leitt okkar hlið á málinu í ljós, þar sem uppistaða IBV er nú austan tjalds að keppa við C.Z. Jena.

Eftirfarandi virðist þó vera nokkurn veginn á hreinu:

1. Skeytið, þar sem Þórður Hallgrímsson er úrskurðaður í þriggja leikja bann, var ekki lesið til enda. Hvernig á því stendur virðist erfitt að fá botn í vegna fjarveru þeirra, sem það áttu að gera.

2. Aganefndarmaður, sem staddur var á leiknum, kom of seint, til að hindra að mistökin ættu sér stað, þar sem búið var að flauta til leiks, er hann mætti á völlum. Hann var þar að auki ekki í embættiserindum, þegar leikurinn fór fram.

3. Það, að þjálfari UBK virðist hafa gert sér grein fyrir að ekki var rétt með farið í DV, þegar sagt var frá að Þórður væri dæmdur í eins leiks bann, leiðir til spurningarinnar, hvort enginn í IBV liðinu, eða Þórður sjálfur, sáu þetta út og ef ekki, af hverju?

4. DV, Morgunblaðið og sjónvarpið hafa okkur vitanlega öll, talað um að Þórður hafi verið dæmdur í eins leiks bann. Ekkert þessara fjölmiðla, virðist hafa séð ástæðu til að bera það undir aganefnd, hvort það væri rétt. Og aganefnd KSÍ hefur ekki séð ástæðu til að leiðrétta þetta hjá neinum þessara fjölmiðla fyrir en það var um seinan.

ER KROSS-FESTINGAR ÞÖRF?

Á tímum, sem þessum, þegar IBV er nú fallið niður í aðra deild, fyrir leið mistök einhvers eða einhverra, leitar sú spurning á hugann, hvort nauðsynlegt sé að finna einhvern ábyrgan fyrir þessu klúðri.

Málið er útkljáð, dómur er fallinn, okkur í óhag. Eigum við ekki að láta þar við sitja? Eða þurfum við nauðsynlega að krossfesta einhvern eða einhverja, sem hafa gert glappaskot, sem eru ef til vill fyrst og fremst sprottin af velvilja þeirra í garð Íþróttabandalags Vestmannaeyja.

Í lýðfrjálsu landi er það okkur kappsmál, að geta vali og hafnað á milli hinna ólíku kosta. Margir hafa mistúlkað þetta og haldið að valið sé eingöngu byggt á því, að fá eitthvað, að það sé ekki

byggt á því að geta hafnað. Í þeirri stöðu, sem nú er í dag, er álit hvort við eigum ekki að hafna þeim rétti á útskýringu, sem við í raun og veru höfum, á þeirri forsendu, að það verði enginn bætari á þeirri útskýringu, heldur sé þvert á móti aukið við þá vanlíðan, sem sá eða þeir eiga við að etja, sem urðu til þess að maður í leikbanni var látinn spila.

Okkar er að styðja nú, sem endranær, við bakið á IBV og láta ekki deigan síga, þótt mistök hafið orðið í kerfinu. Við skulum setja markið hátt og stefna á eins tímabils veru í 2. deild og Íslandsmeistararitlinum árið eftir. Það er okkur samboðið. Það er okkur verdugt verkefni. Harmurinn er víst nógur samt.

